

STJÓRN STRÆTÓ BS.

245. fundur. Föstudaginn 27. maí 2016 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. í fundarsal borgarráðs, Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst hann kl. 11:20. Mætt voru: Bryndís Haraldsdóttir stjórnarformaður, Sigrún Edda Jónsdóttir, Einar Birkir Einarsson, S. Björn Blöndal varamaður, Sverrir Óskarsson og Gunnar Valur Gíslason. Fundinn sat Jóhannes S. Rúnarsson, framkvæmdastjóri og Ástríður Þórðardóttir, sviðsstjóri fjármálasviðs, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Fjárhagsáætlun 2016 – Viðaukar 1 og 2
2. Vagnakaup
3. Farþegatalningarkerfi í vagna
4. Eigendastefna Strætó bs., grein 4.3
5. Gæludýr í Strætó
6. Önnur mál

Tekið fyrir:

1. Fjárhagsáætlun 2016 – Viðaukar 1 og 2
Í samræmi við umræður á síðasta fundi stjórnar þann 13. maí sl., þar sem óskað var eftir því að viðauki við fjárhagsáætlun 2016 yrði lagður fram til umfjöllunar á næsta stjórnarfund, lagði fjármálastjóri fram og kynnti viðauka 1 og 2 við fjárhagsáætlun 2016. Helstu breytingar á fjárhagsáætlun samkvæmt viðauka 1 og 2 varða:
 - hækkun handbærs fjár í upphafi árs 2016,
 - breytingu á ríkisframlagi á árinu,
 - kostnaðarhlutdeild Strætó vegna undirbúnings Borgarlínu,
 - leiðakerfisbreytingu frá og með hausti 2016 sem þýðir aukna tíðni á leið 1 á annatíma,
 - greiðslu virðisaukaskatts af eigin þjónustu verkstæðis og mótuneytis Strætó,
 - breytingu á reglugerð um ökuskírteini, sem felur m.a. í sér að um 190 vagnstjórar skulu endurnýja réttindi sín á fimm ára fresti og sækja endurmenntundarnámskeið til að fullgilda réttindi sín,
 - fjárfestingu í rafrænum búnaði til að leysa af hólmi handvirkar farþegatalningar.Heildarniðurstaða viðauka 1 og 2 er að áætlaður rekstrarafgangur hækkar úr 25.844 þús.kr. í 56.807 þús.kr. og að áætlað handbært fé í árslok 2016 hækkar úr 76.922 þús.kr. í 298.320 þús.kr. Stjórn samþykkir viðauka 1 og 2 við fjárhagsáætlun 2016.
2. Vagnakaup
Endurnýjun strætisvagna og útboðsferli henni tengt er framhald samningskaupaferlis sem hófst á árinu 2013. Einstök kaup á rammasamningstíma eru boðin út innan rammasamningsins í örútboðum þar sem óskað er eftir því að rammasamningsaðilar skili inn tilboði í útvegum á nýjum strætisvögnum. Umfjöllun um umhverfisvæna orkugjafa fyrir strætisvagna. Stjórn leggur áherslu á að haldið verði áfram upplýsingaröflun um möguleika Strætó til að auka notkun á vistvænum orkugjöfum. Stjórn samþykkir heimild til handa framkvæmdastjóra til að fara í örútboðsferli um kaup á nýjum strætisvögnum á árinu 2016 í samræmi við gildandi rammasamning og fjárhagsáætlun Strætó 2016.
3. Farþegatalningarkerfi í vagna
Á fundi stjórnar 4. apríl 2016 var samþykkt að fara í verðkönnun á rafrænu farþegatalningarkerfi í samræmi við fyrsta fasa í greinargerð yfirmanns upplýsingatæknimála Strætó, dags. 23.03.2016, um farþegatalningar og innheimtu fargjalda í Strætó. Að mati stjórnenda munu kaup á rafrænum farþegatalningarbúnaði auka gæði tölulegra gagna um fjölda farþega og stuðla að því að hægt verði að meta áhrif breytinga á einstökum leiðum strax og bregðast fyrr við ef á þarf að halda. Fyrir fundinum lá minnisblað framkvæmdastjóra, dags. 24.05.2016, með niðurstöðum úr verðkönnun á rafrænum farþegatalningarbúnaði sem gerð var á meðal þriggja birgja.

Óskað var eftir tilboði í talningarkerfi ásamt tilheyrandi rekstrarkostnaði í 22 vagna, sem er um 20% vagna í reglulegri notkun á höfuðborgarsvæðinu.

Við val á birgjum til að taka þátt í verðkönnuninni var aflað upplýsinga frá samstarfsaðilum Strætó á Norðurlöndunum, ásamt því að fara í heimsóknir til þeirra í þeim tilgangi að skoða talningarkerfi og fyrirkomulag sem þeir notast við. Einnig var fór yfirmaður upplýsingatækni á ráðstefnu í Þýskalandi í mars sl. þar sem megintilgangurinn var að skoða mismunandi talningarkerfi fyrir strætisvagna.

Stjórn samþykkir að heimila framkvæmdastjóra að leita samninga á grundvelli lægsta boðs í verðkönnuninni. Endanlegur samningur skal lagður fyrir stjórn til afgreiðslu áður en hann verður undirritaður.

4. Eigendastefna Strætó bs., grein 4.3

Fyrir fundinum lá minnisblað framkvæmdastjóra, dags. 10.02.2016, varðandi grein 4.3 í eigendastefnu Strætó bs.-Áhættustefna þar sem fjallað er um fjárhæð nýrra skuldbindinga. Fari ný skuldbinding yfir 5% af höfuðstól skal samkvæmt ákvæðinu bera hana undir eigendafund til samþykktar áður en til hennar er stofnað. Með höfuðstól er átt við bókfært eigið fé Strætó samkvæmt síðasta ársreikningi eða árshlutareikningi.

Stjórn leggur til að viðmiðið verði hækkað, t.d. þannig að miðið verði við ákveðið hlutfall af rekstrartekjum í stað höfuðstóls samkvæmt síðasta ársreikningi eða árshlutareikningi. Að mati stjórnar er ákvæðið fullþröngt. Í árslok 2015 var bókfært eigið fé Strætó 1.706mkr og viðmiðunarmörkin því einungis um 85mkr.

Vakin er athygli á að gr. 4.3 í eigendastefnu Strætó þurfi e.t.v. að skýra nánar, t.d. þannig að ljóst sé hvort með hugtakinu “nýjar skuldbindingar” í ákvæðinu sé átt við allar fjárfestingar byggðasamlagsins eða hvort stjórn Strætó sé heimilt að líta svo á, að með því að starfs- og fjárhagsáætlun Strætó þ.m.t. fjárfestingaráætlun hvers árs er háð samþykki eigenda skv. 2. mgr. gr. 5.3.2 í eigendastefnu byggðasamlagsins, hafi með samþykki eigenda á starfs- og fjárhagsáætlun einnig fjárfestingar viðkomandi árs verið formlega staðfestar af eigendum en ekki þurfi að boða til sérstaks fundar um einstakar fjárfestingar í áætluninni enda þótt þær nemi hærri fjárhæð en ofangreind viðmiðunarmörk.

Í þessu sambandi skal á það bent að fyrirhuguð vagnakaup samkvæmt samþykkttri starfs- og fjárhagsáætlun 2016 eru áætluð nema 320mkr sem eru langt yfir ofangreindum viðmiðunarmörkum.

Stjórn Strætó samþykkir að leggja til að grein 4.3 verði breytt til samræmis við ofangreint á næsta aðalfundi Strætó bs. og að miðið verði við ákveðið hlutfall af rekstrartekjum í stað höfuðstóls samkvæmt síðasta ársreikningi eða árshlutareikningi.

Gunnar Valur Gíslason vék af fundi.

5. Gæludýr í Strætó

Bergdís I. Eggertsdóttir, verkefnastjóri á fjármálasviði, kynnti niðurstöður vinnuhóps sem skipaður var til að meta möguleikann á því hvort leyfa eigi gæludýr í strætisvögnum sem aka á höfuðborgarsvæðinu.

Greinargerð vinnuhópsins, dags. 27.05.2016, var lögð fram.

Stjórn þakkar vinnuhópnum fyrir umfangsmikla og góða vinnu og ítarlega og gagnlega skýrslu.

6. Önnur mál

a) Erindi, frá Kópavogsbæ, dags. 26.05.2016 - Frítt í Strætó á kjördag vegna forsetakosninga.

Stjórn óskar eftir að framkvæmdastjóri meti kostnað Strætó við erindið fyrir næsta fund.

Fylgiskjöl:

- Fjárhagsáætlun Strætó 2016 - Viðaukar 1 og 2, dags. 27. maí 2016
- Verkefnishandbók vinnuhóps um gæludýr í strætó, dags. 27. maí 2016
- Minnisblað – kaup á talningarkerfi, dags. 24. maí 2016
- Minnisblað – vegna greinar 4.3 í eigendastefnu, dags. 10. febrúar 2016
- Erindi – Frítt í strætó á kjördag vegna forsetakosninga, dags. 26. maí 2016

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 13:10.

Bryndís Haraldsdóttir
Gunnar Valur Gíslason
Einar Birkir Einarson

S. Björn Blöndal
Sigrún Edda Jónsdóttir
Sverrir Óskarsson